

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 355

apríl 2026



We Serve

Apríl 2026. Blað nr. 355
THE LION IN ICELANDIC
Fjöllumdæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is


Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



Fjöllumdæmisstjórn:



Anna F. Blöndal, fjöllumdæmisstjóri. Anna er félagi í Lionsklúbbum Ylfa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: annabl@simnet.is



Thelma Rós Kristinsdóttir, umdæmisstjóri í 109A. Thelma Rós er félagi í Lionsklúbbum Eden og er með tölvupóstfangið thelmaros81@gmail.com



Adalsteinn Hallgrímsson, umdæmisstjóri 109B. Adalsteinn er félagi í Lionsklúbbum Vitaðsgjafi. Netfang Adalsteins er adalsteinsona@gmail.com

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2025 – 2026

Fjöllumdæmisstjóri: Anna Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa

Umdæmisstjóri 109A: Thelma Rós Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Umdæmisstjóri 109B: Adalsteinn Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Fjöllumdæmisritari: Viðir Guðmundsson, Lkl. Garður

Fjöllumdæmisgjaldkeri: Stefán Arnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjöllumdæmisstjóri: Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

Vara fjöllumdæmisstjóri: Inga Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Protokol- og þingstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Laufey Jóhannsdóttir, Lkl. Eik

Umhverfisstjóri: Dagný Finnsdóttir, Lkl. Úa

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell Cýrusson, Lkl. Viðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir, Lkl. Iceland.is

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Jón Pálmason, Lkl. Viðarr

GMT stjóri: (félagamál): Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

GST stjóri: (verkefni) Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

GET stjóri: (útbreiðslumál) Kristófer

Tómasson, Lkl. Geysir

NSR-OC nefndarmaður: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

Heilbrigðisstjóri: PID Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. Alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

IPID – fyrrverandi alþjóða-

stjórnarmaður 2023-2025: Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbjörn

Heiðursjóður Guðrúnar

Bjartar(formaður): Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Laganeftnd (form.): Eldjárn

Árnason, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarsson,

Lkl. Fjörgyn

Formaður Kjaransorðunefndar. Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K.

Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumdæmisstjóri 109A: Einar

Hilmarrson, Lkl. Laugdæla

Varaumdæmisstjóri 109B: Sigríður

Fríðriksdóttir, Lkl. Hraerek

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A:

Björgvin G. Sigurðsson, Lkl. Dynkur

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B:

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2025 – 2026:

Alþjóðaforseti A.P. Singh, India;

Fyrrverandi alþjóðaforseti Fabricio

Oliveira, Brazil;

Vara alþjóðaforseti, Mark S. Lyon,

United States;

Annar vara alþjóðaforseti Dr. Manoj

Shah, Kenya.

Þriðji vara alþjóðaforseti Tony Benbow,

Australia.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Raj Kumar Agarwal, India;

Guy-Bernard Bami, France;

Dr. Karl Brewi, Austria;

Debbie Cantrell, USA;

Chris Carlone, USA;

Luis Augusto David Caro Chong, Peru;

Dato' Yeow Wah Chin, Malaysia;

Lorena Hus, Slovenia; Ea-Up Kim,

Republic of Korea;

S. Magesh, India;

Robert "Ski" Marcinkowski, USA;

Pankaj Mehta, India;

Bert Nelson, USA;

Ramesh C. Prajapati, India;

Princess Bridget Adetope Tychus,

Nigeria;

Graeme John Wilson, New Zealand;

David Wineman, USA;

Dong Zhao, China.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Subhash Babu, India;

Nadine Bushell, Trinidad;

Soon-Tak Choi, Republic of Korea;

Liz Crooke, USA;

Debbie Dawson, Canada;

Celina Guimaraes, Brazil;

Nazmul Haque, Bangladesh;

Kuo-Yung Hsu, China Taiwan;

Dr. Mark Mansell, USA;

Drazen Melcic, Croatia;

Ryozo Nishina, Japan;

Niels Schneckner, Romania;

Gary Steele, USA;

Tomoyuki Tanabu, Japan;

Hroar Thorsen, Norway;

Melissa Washburn, USA;

David W. Wentworth, USA.

1000 eintök þegar prentað er. – Pökkun og dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf. Forsíðumynd: Keflavíkurflugvöllur – Ljósmyndari: Sævar Jóhannsson

Ritstjórnargrein



Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fimmta tölublað þessa starfsárs komið út og kemur það eingöngu út á rafrænu formi.

Í þessu blaði kennir ýmissa grasa og eru nokkrar áhugaverðar greinar þar. Meðal annars er grein um 70 ára afmæli Lionsklúbbs Hafnarfjarðar og fleira, grein frá umhverfisstjóra og úrslit fríðarveggspjaldarkeppinnar.

Ég minni á þingið okkar sem haldið verður að þessu sinni að Laugarvatni í lok maí og hvat ég alla til að mæta þar og sérstaklega þá sem eru að taka að sér embætti í klúbbum til að sækja skólanna.

Ég þakka öllum þeim sem gáfu sér tíma til að senda grein í blaðið. Eins þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfum þessa blads fyrir þeirra framlag.

Vinsamlegast sendið greinar á netfang okkar ásamt myndum.

Netfang Lionsbladsins er: lionsbladid@lions.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Skilafrestur á efni í næsta blað er 4. júní

Alþjóðastarfsemi Lions

Pistill Alþjóðaforseta



Kæri lionsfélagi,
Sem Lions erum við hluti af einhverju einstöku. Við tilheyrum klúbbum sem þjóna nærsamfélögum okkar og jafnframt neti sem spannar heimsálfur og menningarheima. Alþjóðlegt umfang okkar tengir okkur við tækifæri, hugmyndir og féлага sem deila skuldbindingu okkar til að hafa jákvæð áhrif bæði á heimavelli og um allan heim.

Í gegnum alþjóðahreyfingu Lions styrkist klúbburinn þinn með alþjóðlegum verkefnum, sameiginlegum úrræðum og sameiginlegum krafti samtakanna. Saman öðlumst við betri skilning á þörfum bæði heima og erlendis — lærum hvert af öðru og styðjum hvert annað þegar við bregðumst við af samkennd og markvissum hætti.

Þessi samheldni er kjarninn í **MISSION 1.5**. Með því að fjölga félögum getum við betur þjónað þeim sem mest þurfa á okkur að halda. Hvert okkar getur lagt sitt af mörkum með því að bjóða nýjan féлага velkominn í Lions-

fjölskylduna, styrkja klúbbana okkar og auka getu okkar til þjónustu.

Ein af mest hvetjandi hátíðum alþjóðlegs samfélags okkar er Alþjóðþing Lions. Við bjóðum þér að taka þátt með okkur í Hong Kong í Kína dagana 3.–7. júlí 2026 á þessum sérstaka viðburði. Það er öflug áminning um að þó við þjónustum á heimavelli, erum við sameinuð á alþjóðavettvangi — í félagsskap og þjónustu til að efla sameiginlegt markmið okkar.

Takk fyrir þau áhrif sem þú hefur í klúbbnum þínum, samfélaginu þínu og í heiminum. Þjónusta þín nær lengra en þú sérð sjálfur og snertir líf fólks yfir landamæri og kynslóðir.

Saman þjónum við,

A.P. Singh


A.P. Singh, alþjóðaforseti Lions

Þýðing: Þorkell Cýrusson

Friðarveggspjaldarsamkeppni Lions



Helena Maria, Inga Lóa, Helga Margrét og Guðbjörg.



Helga Margrét Steinarsdóttir nemandi í 7. KE hlaut í marsmánuði Verðlaun frá Lionsklúbbnum Freyju fyrir þátttöku sína í Friðarveggspjaldakeppni Lions á Íslandi skólaárið 2025–2026 og var hún send í Alþjóðakeppni Lions.

Í keppninni unnu nemendur veggspjöld út frá þemanu „Allir sem einn“. Verk Helgu vakti sérstaka athygli en í því sýnir hún á áhrifaríkan hátt hvernig íþróttir og félagsstörf geta sameinað fólk um allan heim – allir sem einn.

Verðlaunin voru afhent í kennslustofu Helgu þar sem fulltrúar Lionsklúbbsins Freyju, Inga Lóa Steinarsdóttir vara fjölmæmisstjóra og Guðbjörg Þórðardóttir, mættu ásamt Helenu Mariu myndlistakennara.

Við óskum Helgu Margréti innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur.

Fjölumdæmisstjóri

Anna Fr. Blöndal,

fjölumdæmisstjóri 2025-2026



Kæru lionsfélagar
 Þar sem farið er að síga á seinni hluta starfsársins er gott að líta um öxl og leiða hugann að því hvað við í Lions á Íslandi höfum verið að gera. Starfið á árinu hefur verið fjölbreytt og metnaðarfullt, með mörgum verkefnum til hagsbóta fyrir samfélagið og lionsstarfið.

Eitt það gleðilegasta á árinu er stofnun nýs klúbbs í Sandgerði, Lionsklúbbsins Eldeyjar. Nafn klúbbsins vísar til hins tilkomumikla klettadrangs suðvestan við Reykjanes. Eldeyjar félagar eru hjartanlega boðnir velkomnir í Lions á Íslandi, við hlökkum til að vinna með þeim á vettvangi Lions.

Fjölbreytt samfélagsverkefni

Starf Lions byggir meðal annars á mánaðarlegum áherslum þar sem hver mánuður er tileinkaður ákveðnu málefni. Í október er áhersla lögð á sjónvernd og þá er gleraugnasöfnun eitt af lykilverkefnum. Á síðasta ári fóru sex eða sjö ferðatöskur fullar af gleraugum til Danmerkur til yfirferðar áður en þau voru afhent í þróunarlöndum.

Í nóvember voru sykursýkismælingar sem gengu afar vel og margir klúbbar sem tóku þátt í því verkefni. Það er gríðarlega mikilvægt er að vekja athygli á þessum alvarlega sjúkdómi sem hefur færst niður í aldurshópum og greinist nú í auknum mæli hjá börnum.

Í desember var lögð áhersla á að styðja efnalitlar fjölskyldur og einstaklinga, í apríl er athyglinni beint að umhverfismálum sem verða sífellt stærri þáttur í starfi Lions. Verkefnið skarast oft; til dæmis er endurvinnsla gleraugna bæði mannúðar- og umhverfisverkefni, og stuðningur við fjölskyldur stuðlar að bættri velferð barna.

Orkester Norden – stórt verkefni

Meðal stærstu verkefna framundan er þátttaka í Orkester Norden, sem er eitt umfangsmesta verkefni sem Lions á Íslandi hefur ráðist í. Verkefnið hefur tekið nokkrum breytingum á undirbúningstímanum og hefur það kallað á endurskoðun samninga og aukna vinnu verkefnisnefndarinnar.

Tryggja þurfti fjármögnun áður en endanleg ákvörðun var tekin um að. Verkefnasjóður Lions samþykkti að styrkja verkefnið myndarlega og jafnframt að ábyrgjast þann hluta kostnaðar sem ekki tekst að fjármagna með öðrum hætti.

Nú þegar hefur tekist að tryggja um tvo þriðju hluta heildarkostnaðar, meðal annars með stuðningi fyrirtækja og stofnana. Ánægjulegt er að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús leggur sitt af mörkum með eftirgjöf á salarleigu, og stefnt er að því að tónleikarnir fari fram í Eldborg.

Lionsklúbbar og lionsfélagar hafa verið hvattir til að leggja verkefninu lið með miðakaupum, og þegar hafa framlög farið að berast frá klúbbum víða um land. Slíkur stuðningur skiptir miklu fyrir framgang verkefnisins. Það hlýjar um hjartaræturnar að fá símtöl og pósta frá klúbbum og lionsfélögum

um stuðning og áhuga á þessu góða verkefni.

Áhugi ungs tónlistarfólks er mikill, en um 120 umsóknir bárust, þar af 18 frá íslenskum þátttakendum. Verkefnið er einnig táknrænt, þar sem íslenskir lionsfélagar fá nú tækifæri til að endurgjalda gestrisni sem norrænir félagar hafa sýnt íslensku tónlistarfólki í áratugi.

Aukið öryggi og skipulag

Netöryggi hefur verið til umræðu og ljóst að bæta þarf umgjörð gagnaöryggis. Fyrirhugað er að stofna sérstök pósthöfundir fyrir embætti innan hreyfingarinnar og tryggja að gögn séu ekki vistuð á einkatölvum heldur innan sameiginlegra kerfa Lions.

Norrænt samstarf og alþjóðleg verkefni

Erlend samskipti eru mikilvægur þáttur í starfinu. Þar ber hæst NSR samstarfið og önnur sameiginleg verkefni en Orkester Norden, svo sem „Water Means Life“ verkefnið í Sómalíu sem Svíar stýra og lýkur árið 2027. Þá hefur einnig verið hrint af stað nýju norrænu umhverfisverkefni með þátttöku Íslands.

Þingið framundan

Næsti stóri viðburður er fjölumdæmisþingið á Laugarvatni. Dagskráin er nær fullmótuð og lögð verður áhersla á að varpa ljósi á fjölbreytt verkefni lionsfélaga. Þar sem verkefnið eru mörg og ólík hefur verið ákveðið að draga fram ákveðna málaflokka til frekari umfjöllunar.

Kæru lionsfélagar ég þakka fyrir veturinn og óska ykkur gleðilegs sumars.

*Sunnan yfir sæinn breiða
 sumarylinn vindar leiða.
 Draumalandið himinheiða
 hlær - og opnar skautið sitt.
 Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt.
 Jóhannes út Kötlum*



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Lærum af býflugnabúinu

Að hvetja ungt fólk til að vernda býflugur og líffræðilega fjölbreytni Eftir Shelby Washington



Býflugur kunna að vera litlar, en þær gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í daglegu lífi okkar. Þær stuðla að framleiðslu á um þriðjungi af þeirri fæðu sem við neytum og styðja við 90% villtra blómplantna, sem gerir þær ómissandi fyrir lífið eins og við þekkjum það.

Því miður hefur býflugum og öðrum frævurum fækkað um allan heim á síðustu áratugum. Tap búsvæða, breytingar á veðurmynstri og víðtæk notkun varnarefna ógna plöntum sem fólk treystir á daglega.

L'Abeille du Môle er félagasamtök í Marignier í Frakklandi sem vinna að því að auka vitund um býflugur og mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni. Með fræðslu og verklegri þátttöku hjálpa þau ungu fólki að skilja mikilvægt hlutverk frævara við að viðhalda lífi á jörðinni.

Lions í Faucigny, sem áttuðu sig á mikilvægi þessa starfs, leituðu til Lions Clubs International Foundation eftir stuðningi. Klúbburinn sótti um og fékk styrk að upphæð 2.216 Bandaríkjadali úr District and Club Community Impact Grant (DCG). Fjármunirnir voru notaðir til að kaupa fræðslubýflugnabú, hlífðarfatnað fyrir börn og unglina og kynningarefni til að færa fræðslu um líffræðilega fjölbreytni beint inn í skólana.

Samkvæmt Bertrand Duby, forseta Lionsklúbbsins í Faucigny, er dalurinn þeirra að breytast hratt; ávaxtagarðar eru að hverfa og búsvæði frævara verða sífellt takmarkaðri.

„Að vekja athygli barna hjálpar þeim að skilja þörfina á að gróðursetja aftur tré sem býflugur treysta á fyrir hunangsframleiðslu og skapar tengsl við foreldra,“ sagði Duby. „Barn sem sannfærast þýðir að minnsta kosti þrjú til



fjórir fullorðnir verða meðvitaðir um málið, sem gæti leitt til þess að eitt tré verði gróðursett.“

Þegar nemendur fara í hlífðarfatnað og hanska stíga þeir út úr kennslustofunni og inn í heim býflugnaræktar.

„Fyrsta heimsókn barns í býflugnarækt er mjög eftirminnileg. Í upphafi eru sum börn stressuð en önnur spennt,“ sagði Duby. „Að opna bú með rólegri býflugnasveit hjálpar þeim að kynna býflugunum. Innan fimm mínútna eru þau farin að reykja búíð, lyfta römmum og jafnvel þau sem eru mest hrædd öðlast sjálfstraust með því að taka upp býflugur með hönskunum.“

Að vinna með unglungum reyndist einnig krefjandi í byrjun, en á annan hátt. Þeir tóku frekar afstöðu „bíða og sjá“ gagnvart býflugnaræktinni. Hins vegar, samkvæmt Duby, gerði það að smakka hunang og byggja bú upplifunina raunverulegri, kveikti áhuga og skapaði líðsheild.

Eitt af upphálds augnablikum Duby var þegar unglungarnir fóru í hlífðarfatnað og færðu

býflugnasverm í bú fyrir framan leiðbeinendur, lionsfélaga og fulltrúa sveitarfélagsins. Fyrir marga nemendur kom hápunkturinn síðar um daginn.

„Þegar nemendur tóku hunangsgrammana og settu þá í skilvinduna sáu þeir með eigin augum gullgula hunangið renna í krukurnar — það var töfrandi upplifun fyrir unglina,“ sagði Duby.

Í lok verkefnisins fóru allir nemendur heim með krukku af hunangi og dýpri skilning á líffræðilegri fjölbreytni og náttúrunni.

Þýðing: Þorkell Cýrusson



Starf og áskoranir í Umdæmi 109 B

Aðalsteinn Hallgrímsson,

Umdæmisstjóri 109 B



Starf vetrarins hefur verið bæði fjölbreytt og lærdómsríkt. Í vetur hef ég, ásamt mínu nánasta samstarfsfólki, unnið að fjölmörgum verkefnum sem snúa að daglegum rekstri í umdæminu.

Við í yfirlidinu – Anna Blöndal fjölum-dæmisstjóri og Thelma umdæmisstjóri 109 A – höfum haldið reglulega netfundi þar sem farið er yfir stöðu mála og þau verkefni sem fram undan eru. Eitt af stærstu verkefnum síðustu vikna hefur verið leit að öðrum varaumdæmisstjóra. Nú sér fyrir endann á þeirri leit þar sem Gísli Már Gíslason Lkl.

Patreksfjarðar hefur gefið kost á sér, er það mikið fagnaðarefni.

Eftir áramót hófst einnig vinna við að kanna möguleika á stofnun nýrra klúbba. Umdæmið hefur heimild til að stofna klúbba með færri félögum en áður, eru hugmyndir uppi um nýja klúbba á Blönduósi, á Vestfjörðum og Mosfellsbæ. Þau mál eru þó enn á frumstigi og skýrast síðar á árinu. Á þessu starfsári hafa 32 nýir félagar gengið til liðs við Lions, en á sama tíma hafa 28 hætt. Þó nettófjölgun sé jákvæð, er ljóst að brottfall félaga er áskoran sem við þurfum að takast á við.

Heimsóknir í klúbba eru stór og mikilvægur hluti starfsins. Það er ánægjulegt að sjá hversu víða starfið er öflugt og metnaðarfullt. Félagar leggja sig fram um að efla starfsemi sína og ná til nýrra félaga. Í heimsóknum mínum kemur oft fram að erfitt sé að manna stjórnir og fá fólk til að taka að sér ábyrgðarhlutverk, þrátt fyrir vilja til að leggja sitt af mörkum síðar meir. Það er þó margt jákvætt. Fjáröflunarverkefni ganga víða vel og gegna mikilvægu hlutverki bæði fyrir starf klúbba til að geta látið gott af sér leiða, einnig eru verkefni góð kynningu á lionshreyfingunni. Þá eru heimsóknir í klúbba einn af skemmtilegustu þáttum starfsins. Þar gefst tækifæri til að kynna félögum betur, styrkja tengsl og læra af fjölbreyttu starfi klúbba og ekki síst eignast nýja vini.

Í mars var haldið vel heppnað leiðtoga-námskeið á Akureyri. Slík námskeið eru afar mikilvæg fyrir framtíð hreyfingarinnar, þar sem

þau undirbúa félagar fyrir leiðtogahlutverk. Með öflugu leiðtoganámi eykst líkur á að auðveldara verði að manna stjórnir í framtíðinni.

Umdæmisfundir voru haldin 11. apríl í Lionssalum í Hlíðarsmára. Embættismenn skilðu skýrslum var mikil og góð umræða um lionsstarfið, margt kom fram m.a. að ímynd Lions þarf að laga. Tillaga var samin sem fór fyrir Fjöllumdæmisfundinn þar fékk hún mikla umræðu, var samþykkt að yfir stjórnin legði línurnar um næstu skref.

Að lokum vil ég nefna að starf umdæmisstjóra felur ekki aðeins í sér verkefni og fundi, heldur einnig ótal samtöl, ráðgjöf og samvinnu. Ég er afar þakklátur fyrir þann stuðning sem ég hef fengið frá fólkinu í Lions, sérstaklega vil ég nefna Thelmu umdæmisstjóra 109 A, Önnu Blöndal fjölum-dæmisstjóra og Björn Guðmundsson LCIF fulltrúi, sem hafa ávallt verið tilbúin að aðstoða mig þegar ég þarf á að halda.

Starfið heldur áfram af fullum krafti og með góðu samstarfi er ég bjartsýnn á framtíð Lions.

Góð samskipti – góður árangur

*Aðalsteinn Hallgrímsson umdæmisstjóri 109 B
Lkl. Vitaðsgjafi*

Valgreiðslur til Alþjóðahjálparsjóðsins



**Lions Clubs International
FOUNDATION**

Á undanförunum árum höfum við reynt hinar ýmsu leiðir til að afla fjár til Alþjóðahjálparsjóðs Lions. Sjóðurinn sem er einn af merkari sambærilegum sjóðum í heiminum, styrkir fjölmörg lionsverkefni um allan heim, kemur að neyðaraðstoð, vinnur með sterkum samstarfsaðilum og allir fjármunir til sjóðsins renna til verkefna. Undanfarin ár hefur sjóðurinn úthlutað sem svarar til fimm milljarða á hverju ári.

Í störfum okkar höfum við orðið vör við almennan vilja lionsfélaga til þess að styrkja sjóðinn beint. Nú höfum við ákveðið að auðvelda félögum það með því að stofna valkröfur til sjóðsins. Fyrsta krafan hefur nú þegar verið stofnuð að fjárhæð kr. 2.000.- næsta krafa kemur eftir þrjá mánuði og svo koll af kolli.

Við hvetjum lionsfélaga til þess að greiða valkröfurnar og taka um leið þátt í merku starfi sjóðsins víðsvegar um heiminn. Þess má geta að styrkir frá Alþjóðahjálparsjóðnum til Íslands hafa verið verulegir í gegn um árin.

Greiðum valgreiðslurnar og styrkjum sjóðinn okkar!

Lionskveðjur,
Björn Guðmundsson, LCIF stjóri MD 109,
Anna Fr. Blöndal, LCIF fulltrúi 109B,
Geirþrúður F. Bogadóttir, LCIF fulltrúi 109A.

Umhverfisvika Lions 18.–26. apríl – klúbbar hvattir til hreinsunarátaks



UMHVERFISVERND



Umhverfisvika Lions verður haldin dagana **18.–26. apríl 2026** og eru Lionsklúbbar hvattir til að taka virkan þátt í átakinu. Norðurlöndin hafa ákveðið að taka áskorun **A.P. Singh, Alþjóðaforseta Lions**, og hvetja klúbba til að leggja sitt af mörkum til að bæta nærumhverfið.

Við hvetjum klúbba til að skipuleggja hreinsunardag á tímabilinu. Víða má sjá rusl sem hefur safnast í trjám við girðingar meðfram vegum, á túnum, við læki og vötn, auk þess sem rusl er oft að finna meðfram göngustígum og við verslanir og stórmarkaði. Hver klúbbur þekkir sitt nærumhverfi best og getur lagt sitt af mörkum þar sem þörfin er mest.

Lionsfélagar eru hvattir til að taka höndum saman, fá fleiri til liðs við sig og vera sýnilegir í starfi sínu, meðal annars með því að klæðast gulu lionsvestunum. Skemmtilegt getur verið að enda hreinsunardag með samveru, til dæmis yfir heitu súkkulaði. Einnig er hvatt til að taka myndir af verkefnum og segja frá starfinu.

Ef ekki reynist mögulegt að halda hreinsunardag er bent á aðrar leiðir til að stuðla að umhverfisvitund, til dæmis með því að taka til í skápum og koma gömlum fötum eða öðrum nýtilegum hlutum í endurnýtingu. Á mörgum heimilum leynast einnig garnafgangar og annað efni sem getur nýst öðrum.

Sumir klúbbar eru með fasta hreinsunardaga í maí eða júní en þeir sem geta eru hvattir til að taka þátt í hreinsunarviku.

Kveðja góð frá umhverfisnefnd.

*Dagný Finnsdóttir
Umhverfisstjóri MD 109*



LCIF teymið á Íslandi

Stóra rafstöð til Úkraínu!

-WICTU 4, samstarfsverkefni fjölda landa-



Lions Clubs International
FOUNDATION

Nú er loksins komið að fjórða sameiginlega verkefninu til stuðnings stríðshrjádum í Úkraínu. Verkefnaröðin WICTU, sem stendur fyrir „Winter Is Coming To Ukraine“, er verkefni sem að hófst í finnsku lionsumdæmi. Fyrsta verkefnið snerist um að gefa litlar rafstöðvar til skóla og leikskóla. Í verkefnum 2 og 3 gáfum við viðareldavélaofna til heimila og nú er komið að fjórða verkefninu og líklega því viðamesta til þessa.

WICTU 4 gengur út á að safna fé fyrir stærri rafstöðvum t.d. fyrir sjúkrahús, skóla og aðra þjónustustaði við almenning. Gert er ráð fyrir að ýmsar stærðir rafstöðva verði keyptar, en litlar rafstöðvar sem framleiða 15-20KVA kosta frá 900 þús til 1,5 mkr. miðlungs sem framleiða 30-100 KVA kosta frá 1,7 mkr. til 3,6 mkr. og stórar rafstöðvar sem framleiða 150-500 KVA kosta frá 4,5 mkr. til 9 mkr.

LCIF teymið hefur sett sér það markmið að framlög frá Lions á Íslandi dugi fyrir að minnsta kosti einni stórra rafstöð. Öll framlög telja

til Melvin Jones viðurkenninga, ef gefið er í nafni einstaklinga þá fær viðkomandi skattaafslátt, þar sem Lions á Íslandi er almannaheillafélag.

Það þarf ekki að orðlengja það að innrásaraðilinn í Úkraínu hefur lagt kapp á að eyðileggja orkuinnviði landsins og með því skert lífsgæði Úkraínumanna mikið. Mikil þörf er því fyrir rafstöðvarnar og geta þær bætt líf og lífslíkur þeirra sem njóta verulega.

Hjálpumst að við að gera lífið bærilegra fyrir stríðshrjáða í Úkraínu og tökum þátt í þessu fjölbjóðlega samstarfsverkefni.

Lionskveðjur,

Björn Guðmundsson, LCIF stjóri MD 109,

Anna Fr. Blöndal, LCIF fulltrúi 109B,

Geirþrúður F. Bogadóttir, LCIF fulltrúi 109A.

Fjölumdæmisfundur 11. apríl 2026

Umdæmis- og fjölumdæmisfundur voru haldnir laugardaginn 11. apríl síðastliðinn. Fjölumdæmisfundur var svo haldinn sama dag í Lionsheimilinu að Hlíðarsmára í Kópavogi. Umræður á fundunum voru uppbyggjandi og jákvæðar. Með þessum greinarstúf fylgja myndir frá fjölumdæmisfundinum og framsögumönnum þar. Myndirnar tók Þorkell Cýrusson ritstjóri Lionsblaðsins.

Þorkell Cýrusson ritstjóri



Fjölgun í Lionsklúbbi Búðardals

Í janúar sl. voru átta nýir félagar teknir inn í Lionsklúbb Búðardals, sem er afar ánægjuleg viðbót við öflugt starf klúbbsins. Að baki lá góður undirbúningur Jóns Egilssonar formanns klúbbsins, ásamt mikilvægu framlagi GET Sumarliða Ásgeirssonar úr Lionsklúbbi Stykkishólms.

Þetta er gott dæmi um vel heppnað átak, eins og Dalamenn eru þekktir fyrir, þar sem samvinna og markviss vinna skilar árangri. Nýir félagar styrkja starfið, færa með sér ferskar hugmyndir og auka kraftinn í verkefnum klúbbsins. Nýir félagar eru öll hjartanlega velkomin í lionshreyfinguna og er þess vænst að þau muni finna sig vel í starfinu og njóta þess að taka þátt í því góða samfélagsstarfi sem Lions stendur fyrir. Til hamingju Lkl. Búðardals með nýju félagana.

Aðalsteinn Hallgrímsson umdæmisstjóri 109 B

Góð samskipti – Góður árangur



Dánarfregnir

Minningargreinar um látna féлага eru birtar á heimasíðu Lions ([lions.is](https://www.lions.is)) undir flípanum „Minningar“ - „Minningargreinar“. Hér er slóðin: <https://www.lions.is/is/minningarkort/minningargreinar>

Látnir félagar:
Dagrún Dagbjartsdóttir
Lionsklúbburinn Eðna



Lionsklúbburinn Eik



Nýlega var febrúarfundurinn okkar í Lionsklúbbnum Eik haldinn í Sveinatungu en það er fundarsalur bæjarstjórnar Garðabæjar, þetta var málstofa og kynning á Lions.

Hugmyndin var að segja frá starfinu standa fyrir málstofu um betra samfélag og skemmtilegan félagsskap. Við vildum gjarna fá konur til að koma á kynningu og spjall.

Formaðurinn Guðrún Yngvadóttir var með stutta kynningu á starfi okkar. Okkur langaði til að fá þá sem við höfum verið að leggja lið til þess að segja aðeins frá því hve miklu máli stuðningur frá samtökunum eins og Lions er, og ekki síður að segja aðeins frá mikilvægi þess að eiga svona samfélagslegan stuðning. Hugmyndin með þessu var að vekja áhuga samborgaranna okkar á starfi í Lions og svo ekki síður að kanna hvort það væru einhverjir sem e.t.v. hefðu áhuga á að koma með okkur í starfið. Þarna var þá tækifæri til þess að kynna Lionsklúbbnum Eik – svona bæði kynning og spjall. Í lokin voru svo léttar veitingar og smá „búblur“ í bland.

Frummælendurnir voru; Jóna Hrönn Bolladóttir sóknarprestur í Garðabæ kom frá Erninum og að sagði frá starfinu þeirra og mikilvægi samfélagsstuðnings frá m.a. Lions,

Laufey Ólafsdóttir frá Tónlistaskóla Garðabæjar sagði frá tónlistarveislunni og styrknum sem Stórsveit skólans fékk og samfélags stuðnings og hvernig Lionsklúbburinn Eik lyfti undir starf skólans með tónlistarveislu. Rósa Björg Brynjarsdóttir frá Skjólínu sagði frá mikilvægi samfélagsstuðnings. Notað, nýtt, þekking eða þjónusta - stórt sem smátt, allt kemur að notum fyrir starfseminu í Skjólínu. Sara Pálmadóttir sem er forstöðumaður Hjúkrunarheimilisins Ísafoldar – Hrafnistu. Sagði frá mikilvægi þess að eiga samfélagslega bakhjarla eins og Lionsklúbbinn Eik og hvernig samstarfið er bæði við búnaðarkaup og ekki síður þessi félagslegi þáttur kemur til með gleði - og pönnukökuveislum. Að lokum kom Björg Fenger og sagði frá og lýsti vel hversu mikilvægur félagsskapurinn er fyrir samfélagið í Garðabæ, einnig fór hún yfir mikilvægi félagsamtakanna eins og Lions við mótun samfélagsins og félags auðsins sem varðar svo miklu.



Við tókum líka inn nýjan félag á fundinum/málstofunni.
Í lokin áttum við svo notalegt samtál við gestina og fræddum um Lions. Það voru hátt í 50 manns sem tóku þátt í þessum einstaka viðburði í Lionsklúbbum Eik.

Yfirskrift málstofunnar var: „Langar þig að leggja þitt af mörkum í samfélaginu og vera hluti af skemmtilegum og samhentum hópi? ”

Lionsklúbburinn Eik í Garðabæ býður áhugasömum á opinn kynningarfund þar sem við segjum frá starfinu okkar, góðverkum og félagsskapnum.


Allir velkomnir – engar skuldbindingar, bara spjall og góð stemning
Þetta var einstaklega fróðlegur og skemmtilegur fundur. Og enn á ný erum við Eikarfélagar að feta nýjar slóðir.

Laufey Jóhannsdóttir
formaður verkefnanefndar

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.
Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Apríl – myndasíða

■ Bryndís Ragnarsdóttir



Tilraunaverkefni – PILOT Project

Guðrún Björt Yngvadóttir,

Fyrirverandi Alþj. forseti Lions



Tilraunaverkefni

Alþjóðastjórn samþykkti í mars s.l. tilraunaverkefni á Íslandi, sem þeir kalla "Small Club Pilot". Það er, að leyfa Lions á Íslandi að stofna „litla“ klúbba, með 10 félaga að lágmarki. Reglan er sú að 20 félaga þarf til að stofna nýjan klúbb. Hugmyndin kom í heimsókn alþjóðaforseta til Íslands 23. nóvember. Á fundi með okkar helstu leiðtogum, kom fram hve erfitt hefur reynt að stofna nýja klúbba á Íslandi undanfarin ár. Það væri vonlaust að ná 20 manns, kannski hægt að ná 10. A.P. forseti greip þetta á lofti og hvatti okkur til að senda beiðni um undanþágu, sem hann myndi styðja. Hann lagði til að stofna 5 klúbba með a.m.k 10 félaga hver. Það myndi þýða að við værum með 50 í plús og komin með nýja klúbba, sem eru svo mikilvægir fyrir þróun starfsins, að fá ferska vinda í hreyfinguna.



Undanþága

Stór hópur í forystusveit Lions hittist á netfund í desember, þar með talið umdæmisstjórnar, fjölumdæmisstjóri, allir sem vinna að félaga- og fræðslumálum á landinu og fleiri sem tengjast GAT og Mission 1.5. Farið var í að greina stöðuna, hvar væri helst hægt að stofna klúbba og hvernig klúbba, því það er til ýmislegt annað en okkar hefðbundnu klúbbar. Gerð var áætlun og síðan send beiðni um undanþágu frá „20-félaga reglunni“, til alþjóðaforseta og framkvæmdanefndar Lions, þar sem okkar

áform voru útlístað, ásamt tímamma fyrir verkefnið í heild og áætlun fyrir 5 nýja klúbba. Okkar rök bentu m.a. á að erfitt væri að stofn klúbba í strjálbýlu landi með miklar fjarlægðir milli staða og lítil samfélög; í landi með flesta félaga miðað við íbúafjölda.

5x10

Góðar viðtökur

Fjallað var um undanþágubeiðni okkar á fundi framkvæmdanefndar í janúar og var vel tekið. Óskað var eftir því að við Anna fjölumdæmisstjóri (sem skrifuðum undir bréfið) hittum Tony Benbow varaforseta Lions, sem yrði á NSR í Finnlandi seina í janúar. Hann fór yfir málin með okkur, útskýrði hvað stæði til boða, hvaða kröfur væru gerðar og hvernig framhaldi yrði. Við þyrftum sem fyrst að skrifa aðgerðaráætlun og tímalínu fyrir verkefnið í heild og fyrir hvern klúbb og senda þeim, til að hægt væri að samþykkja og stíga næstu skref. Það var gert og við fengum grænt ljós og hvatningu til að byrja strax. Eitt var þó eftir, en það var að fá samþykki alþjóðastjórnar á fundi í mars, þar sem þetta er undanþága frá lögunum Lions. Félaganefndin fjallaði um erindið og lagði til við stjórnina, sem samþykkti beiðnina.



Samþykkt alþjóðastjórnar hljóðar svo:

Lions á Íslandi, MD 109 fær leyfi til að kanna hvort stofnun klúbba með 10 nýjum félögum, sé raunhæfur kostur fyrir fjölgun og vöxt nýrra klúbba. Stofnun þessara nýju klúbba gildir eingöngu fyrir nýja félaga og gildir fyrir tímabilið frá og með 18. mars 2026 til og með 31. desember 2026.

Þetta takmarkast við þá fimm klúbba sem skráðir eru í umsókninni:

- Sandgerði, Umdæmi 109 A
- Ísafjörður, Umdæmi 109 B
- Mosfellsbær, Umdæmi 109 B
- Rangárvallasýsla, Umdæmi 109 A
- Húnabyggð, Umdæmi 109 B

Þessa klúbba þarf að stofna fyrir 31. desember 2026, og gert er ráð fyrir að félögum fjölgi áður en Mission 1.5 lýkur (fyrir 30. júní 2027). Að auki verður fylgst með klúbbunum í þrjú ár frá stofndegi, áður en skoðað verður hvort til greina kemur að stofna fleiri 10-manna klúbba.

Þetta mat mun ákvarða hvort þetta sé raunhæfur kostur fyrir stofnun nýrra klúbba í MD 109 eða á öðrum svæðum, sem vilja reyna að stofna klúbba með færri en 20 félaga. Matið mun taka tillit til vaxtar klúbbanna og áframhaldandi þátttöku stofnfélaga (retention).



Umsögn félaganefndar:

Nefndin ræddi ýmsa aðra möguleika, svo sem rafræna klúbba (netklúbba), klúbbdeildir og sérhæfða klúbba (speciality clubs) sem leiðir til að fjölumdæmi MD109 (Ísland) gæti stofnað nýja klúbba, og vill nefndin að við séum varkár við að stofna litla klúbba sem ekki eru lífvænlegir. Hins vegar gerir nefndin sér grein fyrir því að einstakar aðstæður geta verið í MD109 sem takmarka aðra viðurkennda valkosti.

Nefndin ræddi um mikilvægi margra ára endurmats, áður en frekari fjölgun lítilla klúbba yrði leyfð. Nefndin ræddi matsviðmið, svo sem hlutfall þeirra sem halda áfram í klúbbnum og stækkun klúbbanna. Nefndin mælir með þriggja ára matstímabili eftir stofnskráningu hvers klúbbs, til að meta lífvænleika eftir að formlegum stuðningi Leiðarljóns (Guiding Lion) lýkur.

Þessari endurskoðun ætti að ljúka áður en „smáklúbba-líkanið“ er útvíkkað út fyrir upphaflegu fimm klúbbana á Íslandi til að tryggja langtíma sjálfbærni.

Til hamingju Sandgerði

Fyrsti klúbburinn hefur nú þegar litið dagsins ljós, en það er kvennaklúbburinn Eldey í Sandgerði.

Við hlökkum til að sjá fleiri klúbba bættast við og hressa upp á starf okkar með ferskum vindum.

Guðrún Björt Yngvadóttir

FDI námskeið



Þann 9. janúar síðastliðinn barst tölvupóstur frá Alþjóðaskrifstofu Lions þess efnis að við Sigríður Guðmundsdóttir og Sumarliði Ásgeirsson, hefðum verið valin til að taka þátt í Faculty Development Institute (FDI) námskeiðinu sem haldið yrði á hóteli rétt utan við Feneyjar dagana 20.-22.mars. 2026. Við vorum aðeins tvö frá Íslandi sem hlotnaðist sá heiður að hafa verið valin til að sitja þennan mjög svo krefjandi og eftirsóttá skóla. Þess má geta að um 200 umsóknir bárust í skólann og aðeins 80 manns komust að.

Þetta hófst allt í byrjun ágúst í fyrra var opnað fyrir umsóknir í skólann og við fylltum samviskusamlega út umsókn þess efnis. Þar áttum við t.d. að velja á milli fimm tungumála, ensku, þýsku, ítölsku, sænsku og spænsku, sem yrði það tungumál sem við fengjum kennslu á og áttum að nota í okkar námi.

Enska varð fyrir valinu, en sá hópur sem valdi ensku var sá hópur sem var hvað mest blandaður. Nemendur í okkar hópi komu frá 13 löndum eða frá Hollandi, Belgíu, Norður Makedóníu, Kýpur, Englandi, Litáen, Króatíu, Rúmeníu, Danmörku, Grikklandi, Búlgaríu, Tyrklandi og Íslandi.

Óskað var eftir að allir yrðu mættir á hótelið fimmtudaginn 19.mars og yrðu fram á mánudaginn 23.mars. Það er ekki beint flug frá Íslandi

til Feneyja á þessum tíma og flugum við annars vegar í gegnum Amsterdam og hins vegar í gegnum Frankfurt til Marco Póló flugvallar í Feneyjum.

Í janúar barst okkur í tölvupósti fyrsti hluti kennsluefnisins en hann var nærri 30 blaðsíður og við áttum að lesa þetta í þaula og auk þess fylgdu smá verkefni fyrir okkur að vinna.

Á föstudagsmorgninum þurftum við að vakna um kl.6 og vera mætt í morgunmat fyrir kl.7. Skólinn hófst á slaginu kl.8 og stóð til að verða 18. Þá tók við heimalærdómur fyrir morgundaginn og við fengum smá tíma til að borða kvöldmat og svo þurfti að halda áfram að læra. Við máttum ekkert nota tæknina svo allar nótur urðu að vera handskrifaðar. Kennslubókin, sem lesa þurfti spjaldanna á milli, var á stærð við gömlu "góðu" símaskrána. Kennararnir okkar voru Radu Cristea frá Rúmeníu og Buket Aksu frá Tyrklandi.

Laugardaginn 21.mars tók við annar langur kennsludagur þar sem hvert okkar átti að fara með átta mínútna kynningu um ákveðið mál efni auk þess sem unnin voru verkefni, sem við unnum ýmist hvert fyrir sig, tvö eða fjögur saman og allt fór fram á ensku.

Sunnudagurinn 22.mars var síðasti kennsludagurinn og þá var komið að STÓRA verkefninu, en það fólst í að flytja fyrirlestur eða vera með

kennslu í 20-25 mínútur um sama málefni og á degi tvö. Við fengum glærur og texta sem var okkar kennslufni þar sem við áttum að flétta inn í kennsluna a.m.k tvö verkefni þar sem við áttum að virkja samnemendur okkar til að taka þátt í. Stressið rann strax af manni þar sem samnemendurnir voru einstaklega hvetjandi og yndislegir. Eftir að allir höfðu skilað sínu verkefni höfðum við smá auka tíma og ákváðum að hver og einn fengi tækifæri til að fara með þriggja mínútu kynningu á eigin tungumáli og það vakti mikla kátínu því flutningurinn fór fram á ólíkum tungumálum þar sem fólk kom víða að.

Um kvöldið var svo sameiginlegur kvöldverður með skemmtiatriði frá hverjum hópi. Frábærir en afar krefjandi þrjár dagar voru að baki.

Hvað fær okkur til að ferðast 3000 kílómetra fara í 16 tíma ferðalag og setjast á skólabeck í Trevisio á Ítalíu. Svárið er einfalt, þetta er tækifæri fyrir okkur til að læra eitthvað nýtt og öðlast réttindi til að kenna Lionsefni á Íslandi. Það spillti ekki fyrir að Sumarliði hitti samnemendur sína frá Umdæmisstjórnarskólunum í Chicago, eða þau Dan-Viggo Várum og Frits Torleif Thuv frá Noregi og Anna-Lena Bohlin frá Svíþjóð en mikill vinskapur myndaðist með þeim í skólunum í Chicago. Sumarliði hitti einnig Steve Carley og Dieter Van Hoye fyrrum umdæmisstjóra frá Belgíu en þeir voru saman í grúbba 18 í Chicago.

Sumarliði og Steve lentu hvor á eftir öðrum á Feneyjarflugvelli þannig að þeir tóku saman lest og strætó á hótelið. Um kvöldið fóru þeir saman í Pizzu og síðan beint að sofa því skólinn átti að byrja klukkan 08.

Sigga og hennar maður, Steini komu degi síðar. Kennarar voru ekki af lakara taginu, Radu Cristea frá Rúmeníu og Buket Aksu frá Tyrklandi en það er nokkuð sem við höfum lært í Lions að kennarar og leiðbeinendur eru alltaf fyrsta flokks. Eins er með námsefnið það er úthugað í þaula og eru gæðakröfurnar mjög háar eins þeir sem hafa farið á leiðtogaskólann (RLLI) vita.

Enski hópurinn. Þ.e. þeir sem völdu að taka námskeiðið á ensku samanstóð af einstaklingum frá 13 löndum. Hópnum var síðan skipt í tvennt í verkefnum en vorum saman í bóklega hlutanum. Okkur Siggu var stífað í sundur í verkefnunum og sama var upp á teningnum með

Bretana, þeim var stífað í sundur líka. Það kom einn nemandi frá hverju landi nema Bretarnir voru þrír og við frá Íslandi vorum tvö. Námsefnið var mikið, nánast heil símaskrá af gamla skólunum. Þetta fór fram með hópverkefnum og þjálfun í að standa fyrir framan hóp og kynna efni sem var lagt fyrir okkur og við þurfum að segja þetta með eigin orðum og "kenna". Þetta er ótrúlega krefjandi að búa til texta, láta sér detta í hug vandamál til að leysa með "nemendum" og hugsa um líkamstjáningu, hvar við stöndum í salnum og hvernig er viðbeita röddinni eða og bara hafa stjórn á öllu í salnum. Við þessar aðstæður er heilinn á fullu allan tímann og vorum við algerlega uppgefnir eftir daginn. Loka verkefnið var 20 mínútna gagnvirk fræðsla um fyrir fram ákveðið efni sem við fengum í hendurnar en það innihélt tvær glærur og örfáa punkta. Við þurftum að flytja þetta fyrir hópinn á ensku og það reynir á orðaforðann og framsögu sem eftir á að hyggja er einn kaflinn í reynslubankann.

Hótelið er ráðstefnuhótel í hæsta klassa og þar er hugsað fyrir öllu varðandi rými og aðstöðu, tæki og tól.

Við komum heim þreytt en glöð og búin að bæta hressilega við þekkingu og lengja vinalistann af eins þenkjandi fólki úr allri Evrópu og það er ekki slæmt.

Takk Lions fyrir að gefa okkur þetta tækifæri.



Lionsklúbburinn Iceland.is

Lionsklúbburinn Iceland.is fékk aðstoð nú á dögnum frá Maríu Jóhönnu Davíðsdóttur úr Lionsklúbbum Kaldá úr Hafnarfirði við að læra réttu handatökin við að þrjóna dömubindi fyrir stúlkur í Afríku.

Sigríður Guðmundsdóttir



Lionsklúbbur Hafnarfjarðar 70 ára

FRÁ STOFNFUNDI LIONSKLÚBBS HAFNARFJARÐAR



Fremri röð frá vinstri: Vilhjálmur Skúlason, Guðmundur Árnason, Sigurður J. Ólafsson, Magnús Kjaran, Axel Kristjánsson, Hadar Vahrenby frá skrifstofunni í Stokkhólmi, hann var útbreiðslustjóri sænska fjölumdamisins sem íslenska hreyfingin var undir áður en við fengum sjálfir eigið umdæmi, Baldvin Einarsson og Guðbrandur Magnússon.

Aftari röð frá vinstri: Þorgeir Ibsen, Stefán Gunnlaugsson, Jón Sigurðsson, Theódór Ziemsen, Hilmar Foss, Albert Guðmundsson, Magnús Jensson, Kristinn Gunnarsson og Árni Kristjánsson.

Stofnfélagar í Lionsklúbbsi Hafnarfjarðar voru þeir: Axel Kristjánsson formaður, Baldvin Einarsson ritari, Guðmundur Árnason gjaldkeri. Aðrir stofnfélagar en að framan greinir voru Jónas Sveinsson, Magnús Már Lárusson, Jón Sigurðsson, Stefán Gunnlaugsson, Sigurður J. Ólafsson, Kristinn Gunnarsson, Magnús Jensson, Þorgeir Ibsen, Sigurgeir Guðmundsson, Eggert Ísaksson, Björn Sveinbjörnsson og Vilhjálmur Skúlason. Af stofnfélögum eru þeir Vilhjálmur Skúlason og Stefán Gunnlaugsson enn á lífi.

Stofnfundur 1956

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar var stofnaður 14. apríl 1956 í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði. Aðalhvatamaður að stofnuninni var Magnús Kjaran stórkaupmaður í Reykjavík, en hann var fyrsti formaður fyrsta lionsklúbbs landsins, Lionsklúbbs Reykjavíkur sem var stofnaður 1951.

Hann fékk til liðs við sig þá Albert Guðmundsson, sem þá var kominn til landsins eftir glæsilegan knattspyrnuferil erlendis og farinn að þjálfva hafnirfska knattspyrnumenn og einnig Axel Kristjánsson forstjóra RAFHA. Þeir félagar drifu í því að safna liði til stofnfundar sem tókst með miklum ágætum „Lengi býr að fyrstu gerð“ segir í gömlu máltæki og er á engan hallað þó að fullyrt sé að Axel Kristjánsson hafi átt langstærstan þátt í að styrkja stöðu klúbbsins með sínum þekktu dugnaði. Síðan eru liðin 70 ár og margt hefur á daga klúbbsins drifið og verður hér það helsta dregið fram.

Þótt lionshreyfingin sé alþjóðleg og markmiðin alls staðar þau sömu leggja lionsfélagar á hverjum stað áherslu á afmörkuð verkefni í sveitarfélögum sem þeir tilheyra. Hér munum við reyna að draga fram nokkur þeirra.

Skólar bæjarins hafa í gegnum tíðina notið Lionsklúbbsins, í fyrstu var lögð áhersla á sjónvernd og gefin tæki í þeim tilgangi auk fjölda gjafa of styrkja.

Sólvangur hefur fengið margskonar tæki til notkunar við þjálfun sjúklunga.

Hrafnista heftur verið einn stærsti styrktarþeginn undanfarin ár og hefur fengið þjálfunartæki fyrir vistmenn sína á hverju ári í langan tíma.

Sambýli bæjarins hafa allt frá 1985 fengið góðar gjafir frá klúbbum svo sem grill, sjónvörp, hægindastóla og garðhúsgögn, ofl.

Félög og samtök hafa alltaf verið hátt skrifuð hjá klúbbum og má

þar nefna Krísuvíkursamtökin, styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, vímulausa æsku, Drafnarhúsið, ofl.

En sérstaklega hefur Björgunarsveit Hafnarfjarðar og forverar hennar notið góðs af starfi Lionsklúbbsins, þannig afhendir klúbburinn árlega mjög góðan fjárstyrk til þjálfunar leitarhundanna.

Árlega styrkir klúbburinn Íþróttafélag fatlaðra í bænum ásamt því að styrkja Íþróttafélagð Fjörð og þess má geta að lionsfélagar mæta gjarnan á æfingar í boccia hjá Firði. Margir félagar eru með dómaraéttindi í boccia til að geta hjálpað til við framkvæmdir á mótum.

Þá má geta þess að samstarfið við félag eldri borgara (FEBH) hefur verið mikið og gott. Árlega býður klúbburinn til veislu í húsnæði FEBH, veitingar og skemmtiatriði.

Hér hefur aðeins verið minnst á örfá atriði úr starfi klúbbsins sem lýtur að styrkjum og vináttu við hina ýmsu hópa í Hafnarfirði, en ekki má gleyma að minnst á gjafir klúbbsins til Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar en klúbburinn hefur afhent nefndinni árlega álitlega fjárhæð í samstarfi við Fjarðarkaup.

Helsta fjáröflun klúbbsins er sala á Gaflaranum. Gaflarinn er barmmerki sem hannað er af Ólafi Árna Halldórssyni og var fyrst tekið í sölu árið 1999. Salan gekk vel og hefur allar götur síðan gengið vel og hafa Hafnirfjarðar alltaf tekið okkur lionsmönum frábærlega.

Frá árinu 1999 hefur klúbburinn staðið fyrir því að kjósa mann eða konu sem Gaflara ársins í Hafnarfirði einhvern sem að mati klúbbsins hefur sett mark sitt á menningu og sögu bæjarins. Á þeim árum hafa 26 einstaklingar hlotið viðurkenninguna og Karlakórinn Þrestir voru Gaflarar ársins 2013. Þá hafa klúbbsfélagar alltaf tekið þátt í sölu Rauðu fjaðrarinnar, sem er sameiginleg fjáröflun lionshreyfingarinnar á Íslandi.



Björgunarsveit – Lions sporhundur



Mæðrastyrisnefnd 2025



Við afhendingu tækja á Hrafnistu Hafnarfirði



Gaflarinn 2026

Geta má þess að klúbburinn hefur yfir að ráða gróðurreit fyrir ofan Sléttuhlíð, fyrir norðan Kaldársel. Þangað er farið ásamt fjölskyldum til að njóta útiverunnar við m.a að snyrta, klippa og gróðursetja plöntur og svo sest niður og veitinga notið.

Félagarnir í klúbbnum er nú 30 og er fundað 2 svar í mánuði frá september og fram í maí, og var síðasti fundur númer 1140 sem sagt á 70 árum.

Lagt er kapp á að fá gest eða gesti á hvern fund en fundað er í Kænunni við Höfnina og allir verkomnir og gerast félagar í Lions. Markmið lionshreyfingarinnar eru falleg, byggjast á því að efla og virkja skilning meðal þjóða heims og starfa að aukinni velferð þess byggðarlags

sem hver klúbbur tilheyrir. Sem sagt að skapa vettvang fyrir frjálsar umræður um öll málefni sem almenning varðar að því undanskildu að ekki séu rædd meðal klúbbfélaga málefni stjórnmálaflokka né trúarhópa.

Stjórn klúbbsins skipa í dag : Halldór Svavarsson, Ingimundur Pálsson og Jón Rúnar Jónsson.

Næstu stjórn mun skipa : Magnús Ingjaldsson, Gústav Garðarsson og Steingrímur Þorvaldsson.

Kynningar – og samskiptanefnd

Stuttur pistill frá Lionsklúbbsi Patreksfjarðar

Klúbburinn fékk góðan gest í heimsókn þann 14. febrúar og bauð formaðurinn Gísli Már Gíslason hann velkominn. Aðalsteinn Hallgrímsson umdæmisstjóri Lionsumdæmis 109 B mætti þá á fund sem hófst kl. 10:00 árdegis og átti fróðlegt og uppbyggilegt samtal við klúbbfélaga.

Á þeim fundi var nýr félagi Hilmar Blöndal tekinn inn í klúbbinn og er hann boðinn velkominn til starfa. Meðmælandi Hilmars er Gunnar Bjarnason ötull félagi. Hefur hann farið fyrir skötuverkefni klúbbsins í um 10 ár og annast það með ágætum.

Þá veitti Aðalsteinn umdæmisstjóri Grétari Má Guðfinnssyni klúbbfélaga til 20 ára viðurkenningu fyrir þann þjónustutíma. Klúbburinn

þakkar Grétari gott starf og ómetanlegt framlag í tengslum við skötuverkefnið.

Það vildi svo vel til að á fundinum var morgunverðurinn í veglegri lagi eða með enskum hætti, kaffi eða te, spæld egg, steikt beikon, sojabaunir og hveitibrauð með smjöri eða appelsínusultu til viðbits og síðan rjólabollur í eftirrétt.

Lionsklúbbur Patreksfjarðar óskar öllum lionsfélögum gleðilegs sumars sem er á næsta leyti eftir misveðrasaman vetur.



Aðalsteinn og Gísli Már skiptast á fátum



Aðalsteinn umdæmisstjóri ræðir málefni Lionsshreyfingarinnar



Aðalsteinn og Gunnar votta inntöku Hilmars í klúbbinn, Gísli Már staðfestir inntökuna



Vantar texta

Lionsklúbbur Njarðvíkur

Þorrablót Lions í Njarðvík



Lionsklúbburinn í Njarðvík hélt sitt árlega þorrablót þann 13. febrúar. Þótt svo að dagurinn hafi verið föstudagurinn 13. gekk allt ljómandi vel hjá okkur og skemmtunin var hið glæsilegasta. Magnús Þórisson hjá Réttinum var með matinn og eins og alltaf sló hann í gegn. Stjórnin þakkar Magnúsi og hans starfsfólki fyrir framúrskarandi þjónustu. Að venju var Örvar Kristjánsson veislustjóri sem sagði vel valda brandara og sem vöktu mikla lukku. Eyþór Ingi steig svo á stökk með gítarinn, söng nokkur lög og sagði margar góðar sögur. Í lokin var svo dregið í

happdrættinu. Fjölmargir glæsilegir vinningar voru í boði frá fyrirtækjum af Suðurnesjum og víðar. Allur ágóði happdrættis fara í góðgerðar- og líknamál. Frábært kvöld að baki sem heppnaðist vel í alla staði. Það lyktar af vorinu sem er handan við hornið og margt skemmtilegt eftir að koma hjá okkur, bjartir tímar fram undan hjá Lions á Íslandi.

Sævar Jóhannsson ritari

Heimsleikar Special Olympics

Guðrún Björt Yngvadóttir,

Fyrrverandi Alþj.forseti Lions



Heimildarmynd um SO

Heimsleikar Special Olympics fram fara í Chile í Suður Ameríku í október 2027. Lions er samstarfaaðili Special Olympics og munu margir Lionsfélagar frá ýmsum löndum heims fara til Chile og fylgjast með leikunum. Íslenskir keppendur verða á leikunum og getum við fylgt þeim eftir í heimildarmynd sem Magnús Orri Arnarson gerir. Hann er nú þegar byrjaður í formlegri vinnu við þetta metnaðarfulla verkefni.



SPECIAL OLYMPICS
WORLD
GAMES
SANTIAGO 2027

Hver er Magnús Orri?

Magnús Orri Arnarson er kvikmyndagerðarmaður, íþróttamaður og fjölmiðlamaður sem hefur tengst Special Olympics mjög sterkt. Hann keppti sjálfur á Special Olympics, t.d. í fimleikum á leikunum í Abu Dhabi 2019.

Eftir það fór hann að vinna við myndbandagerð og fjölmiðla tengda hreyfingunni. Hann gerði heimildarmyndina „Sigur fyrir sjálfsmyndina“, sem fjallar um íslenska kepp-



endur á Special Olympics 2025 og þeirra ferðalag.

Magnús Orri hefur líka unnið kynningarefni og myndbönd fyrir alþjóðleg verkefni Special Olympics og tekið þátt í fjölmiðlateyrum á leikunum.

Undirbúningur

Magnús Orri fylgist með undirbúningi hér á Íslandi og fylgir eftir ferlinu frá upphafi og á meðan keppnin stendur yfir í Chile. Markmið er að sýna mannlegar sögur, seiglu, metnað og gleði, og varpa ljósi á mikilvægi Special Olympics hreyfingarinnar á alþjóðavísu. Í janúar og febrúar 2026 vann Magnús Orri að handritsgerð og rannsóknnum, og síðan hefjast tölur á undirbúningi iðkenda, æfingum, daglegu lífi og þeirri vinnu sem liggur að baki þátttöku á stærsta sviði Special Olympics.



Samstarf margra

Verkefnið er unnið í samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra og Special Olympics á Íslandi sem veita ráðgjöf og fagna þessu verkefni. Til að verkefnið verði að veruleika þarf hann að leita eftir styrkjum, m.a. hjá fyrirtækjum, stofnunum, sjóðum, félögum og einstaklingum. Þetta er jákvætt og samfélagslegt verkefni, sem stuðlar að jafnrétti og mannlegum gildum. Þessi heimildarmynd getur aukið skilning, sýnileika og virðingu fyrir íþróttafólki með þroskahömlun og sýnt styrk, metnað og mannlega seiglu.



Langtímaverkefni

Gerð heimildarmyndar er langtímaverkefni og oft tekur nokkur ár að þróa, taka upp og ljúka slíkri kvikmynd. Magnús Orri stefnir á að verkefnið taki um tvö ár. Markmiðið er að fullunnin mynd verði um 90 mínútur, vönduð í alla staði og hæf til sýninga í kvikmyndahúsum, á sjónvarpsstöðvum, á hátíðum, innan Special Olympics hreyfingarinnar, bæði hérlendis og erlendis. Magnús Orri mun sjá um framleiðslu og leikstjórn, en með honum verður teymi sérhæfðs fólks sem sinnir meðal annars tölum, handritsgerð og undirbúningi viðtala, spurningagerð og miðlun, tæknilegri og skapandi framkvæmd.



Verðlaunaður

Magnús Orri hefur hlotið fjölda viðurkenningar og verðlauna fyrir kvikmyndagerð, bæði hérlendis og erlendis, m.a. á Heimsleikum Special Olympics 2025. Hann er handhafi Hvatningarverðlauna ÖBÍ árið 2025, en Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, afhenti honum verðlaunin við hátíðlega athöfn á Hótel Reykjavík Grand.

Magnúsi Orra hafa verið falin mikilvæg verkefni, m.a. falið að sjá um myndatöku á Evrópuráðstefnu Special Olympics Berlín 2024. Á Íslandi er Magnús Orri líklega þekktastur fyrir þættina sína „Með okkar augum“.

Lionsfélagar fá tækjæri til að hitta og kynnast Magnúsi Orra á þinginu okkar á Laugarvatni 30. maí 2026

Guðrún Björt Yngvadóttir

Menningar- og gleðistund með karlmönnum

Eftir Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni



Mynd frá kynningu Lúðvíks Geirssonar á framkvæmdum við höfnina



Höfundur, Sævar Kristinsson, las upp úr bókinni.

Nýverið fengum við einstakan heiðursgest þegar höfundur bókarinnar Síungir Karlmann heimsótti okkur og las upp valda kafla úr verkinu. Upplsturinn vakti mikla athygli enda er bókin bæði skemmtileg og hugvekjandi. Höfundurinn miðlaði af mikilli reynslu og hugleiðingum um lífið, vináttuna og það hvernig menn geta haldið lífsgleðinni óskertri þrátt fyrir hækkandi aldur. Frásagnirnar voru kryddaðar með hómor og hlýju sem skapaði notalega stemningu og lifandi samtal meðal áheyrenda. Gestirnir kunnu vel að meta tækifærið til að hitta höfundinn persónulega, spyrja spurninga og ræða efni bókarinnar. Að fundi loknum seldust nokkrar bækur.

Á næsta fundi fengum við áhugaverða kynningu frá Lúðvík Geirssyni, hafnarstjóra, sem fræddi okkur um umfangsmiklar hafnarframkvæmdir á svæðinu við höfnina. Hann fjallaði jafnframt um fyrirhugaða uppbyggingu Tækniskóla sem á að rísa á Hafnarsvæðinu og verður mikilvæg viðbót við mennta- og atvinnulíf svæðisins. Ræða hans var upplýsandi og var gerður mjög góður rómur að henni meðal félaganna.

Í upphafi mars héldum við glæsilega bjórhátíð sem laðaði að sér alls 215 manns. Stemningin var frá upphafi einstök og allir skemmtu sér

konunglega. Lúðrasveit í þýskum stíl opnaði hátíðina með kraftmiklum og fjörugum tónum sem settu tóninn fyrir kvöldið og komu gestum strax í hátíðarskap.

Happdrætti kvöldsins vakti mikla lukku en þar voru hvorki meira né minna en 200 vinningar sem fyrirtæki höfðu gefið. Að auki voru 14 málverk boðin til sölu og seldust þau öll, sem sýnir vel áhuga gesta á list og stuðningi við menningarstarf. Veitingarnar stóðu fyllilega undir væntingum; Maddi kokkur sá um glæsilegt hlaðborð þar sem gestir gátu notið fjölbreyttra fiskirétta og ljúffengra kjötrétta. Maturinn fékk mikið lof og bætti enn frekar við ánægju kvöldsins.

Samspil menningar, fræðslu, tónlistar, listar og góðra veitinga gerði þessa viðburði að ógleymanlegum upplifunum. Heimsókn höfundar Síungra Karlmann, fróðleg kynning hafnarstjóra og vel heppnuð bjórhátíð undirstrika mikilvægi þess að rækta félagslíf og skapa vettvang fyrir gleði og samveru. Slíkir viðburðir styrkja samfélagið og skilja eftir sig hlýjar minningar sem lifa lengi í hugum þátttakenda.